

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar um lækkun álagningarhlutfalls fasteignagjalda íbúðahúsnæðis og atvinnuhúsnæðis

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela fjármála- og áhættustýringarsviði að undirbúa tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun Reykjavíkur þar sem álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði lækki þannig að hækkun fasteignamats hafi ekki áhrif til hækkunar gagnvart íbúum og fyrirtækjum og tekjur borgarsjóðs af fasteignagjöldum hækki ekki á milli áranna 2025 og 2026. Álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0.18% í 0,163% og álagningarhlutfall fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði lækki úr 1,6% í 1,536%. Lóðaleiga lækki úr 0,2% í 0,18%.

Tillagan felur í sér að áætluð lækkun fasteignagjalda á næsta ári nemi rúmum 1,8 milljarði króna og skiptist þannig að tekjur vegna íbúðarhúsnæðis lækki um 857 milljónir, tekjur vegna atvinnuhúsnæðis lækki um 790 milljónir og tekjur vegna lóðaleigu lækki um 171 milljón.

Greinargerð

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun birti í lok maí nýtt fasteignamat fyrir árið 2026. Niðurstaðan er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hækkar að meðaltali um 9,9% á næsta ári. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hefur hækkað mjög undanfarin ár. Árið 2025 hækkaði fasteignamatið um 2.5%, árið 2024 hækkaði fasteignamatið um 13,4% og árið áður 2023 var hækkunin 22%. Þróunin nær lengra aftur í tímann. Árið 2026 mun fasteignamat atvinnuhúsnæðis í Reykjavík hækka um 3,8%.

Hér í Reykjavík hefur álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðahúsnæði 0.18% og atvinnuhúsnæði 1,6% staðið óbreytt þrátt fyrir hækkun fasteignamats. Þetta hefur leitt til þess að skattstofninn hefur stækkað mjög og upphæð innheimtra fasteignagjalda hækkað ár frá ári þótt þjónusta borgarinnar við hvert heimili og eigendur atvinnuhúsnæðis sé í grunninn óbreytt. Þessi aukna skattheimta er mjög íþyngjandi fyrir heimilin og fyrirtækin í borginni.

Nú stendur yfir fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2026. Tillagan er sett fram núna til þess að tryggja að tekjuspá fyrir næsta ár verði uppfærð með hliðsjón af lækkun álagningarhlutfallsins og útgjöld taki mið af uppfærðri tekjuspá. Framsókn telur rétt að íbúar fái að njóta góðs árangurs af bættum rekstri síðasta árs og því sé rétt að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda.